



Frá ritstjórum



Freydis Jóna Freysteinsdóttir, félagsráðgjafi MSW, PhD, dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands



Eldey Huld Jónsdóttir, félagsráðgjafi MSW, framkvæmdastjóri FÍ

Kæru lesendur

Nú fylgjum við 13. árgangi Tímarits félagsráðgjafa úr hlaði og getur þar að líta fullt blað af áhugaverðu efni. Ritstjórnin er mjög ánægð með það að nú er farið að berast meira af efni í tímaritið frá félagsráðgjöfum úti á vettvangi. Hefur því ekki verið ástæða til þess að fá utanaðkomandi aðila til að skrifa í blaðið. Þrjár fréttagreinar bárust í þann kafla tímaritsins þar sem greint er frá starfsvettvangi félagsráðgjafa. Í fyrstu greininni er sagt frá Stuðningsneti sjúklingafélaganna sem býður upp á jafningjastuðning fyrir fólk með króníska sjúkdóma og aðstandendur þeirra. Í þeirri næstu segir frá verkefninu Félagsvinir eftir afplánun og í þeirri síðustu fræðumst við um EAPN á Íslandi.

Að þessu sinni eru þrjár ritrýndar greinar í tímaritinu. Allar eiga þær það sammerkt að fjalla um aðstæður ungmenna. Í fyrstu greininni er sjónum beint að ungu fólki sem er utan skóla og vinnu og því sem hindrar það í að taka þátt í námi, virkniúrræði eða vinnu. Í annarri greininni er fjallað um rannsókn á upplifun barna af því að búa við fátækt hér á landi og í þeirri þriðju er greint frá eiginlegri rannsókn þar sem könnuð voru uppvaxtarár og skólareynsla kvenna sem tóku þátt í endurhæfingarúrræðum á vegum Reykjavíkurborgar.

Almennar greinar eru einnig þrjár í blaðinu. Í þeirri fyrstu er sagt frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun 2030 og ráðstefnu um markmiðin sem höfundur sótti í Armeníu. Áhugahvetjandi samtöl er umfjöllunarefni í þeirri næstu og byggist sú grein á BA-ritgerð þar sem greint er frá möguleikum á notkun áhugahvetjandi samtala í réttarvörslukerfinu hér á landi. Í þriðju almennu greininni segir svo frá Brúnni, sem er nýtt úrræði á vegum Hafnarfjarðarbæjar og er ætlað að styrkja þjónustu við leik- og grunnskóla-börn.

Að venju á bókaumfjöllun sinn stað í tímaritinu, en þar er vakin athygli á áhugaverðu lesefni fyrir félagsráðgjafa og aðra lesendur tímaritsins. Loks er í kaflanum félagið að finna ávarp formanns FÍ og fréttir af starfi félagsins og ráðstefnum alþjóðasamtaka félagsráðgjafa.

Að lokum vill ritstjórnin vekja athygli á því að breyting hefur orðið á skilafresti ritrýndra greina. Hann er nú 15. júní ár hvert. Ákveðið var að færa skilafrestinn fram til að gefa ritrýnum meiri tíma til að fara yfir innsendar greinar til ritrýni og um leið höfundum til að laga greinar sínar ef þörf er á samkvæmt ábendingum ritrýna. Þá hefur lengd ritrýndra greina verið rýmkuð, en þær mega nú vera allt að 5000 orðum. Að gefnu tilefni minnum við höfunda ritrýnds efnis á að fylgja vel leiðbeiningum til höfunda, en þær er að finna á heimasíðu tímaritsins, www.timaritfelagsradgjafa.is

Að lokum þakkar ritstjórnin félagsráðgjöfum fyrir góðar undirtektir við áskorunum um að senda efni í blaðið og vonast til þess að áframhald verði á því að félagsráðgjafar finni hjá sér þörf til að senda inn áhugavert efni úr faginu.

Freydis Jóna Freysteinsdóttir
Eldey Huld Jónsdóttir